



Vopnafjarðarskóli

Kennsluáætlanir haust 2016

5. bekkur

Kennarar:

Ásta Hanna Gunnsteinsdóttir: stærðfræði, enska, samfélagsfræði og myndmennt

Svava Birna Stefánsdóttir: íslenska, lífsleikni og tölvu- og upplýsingamennt

Sigríður Elva Konráðsdóttir: íslenska

Kristín Jónsdóttir: náttúrufræði

Baldur Hallgrímsson: nýsköpun, hönnun og smíði

Heiðbjört Antonsdóttir: textílmennt

Berglind Wium Árnadóttir: heimilisfræði

Bjartur Aðalbjörnsson: íþróttir

Efnisyfirlit

Stærðfræði	3
Íslenska	5
Enska.....	8
Samfélagsfræði.....	9
Náttúrufræði	10
Lífsleikni.....	13
Tölvu- og upplýsingamennt.....	14
Heimilisfræði	15
Textílmennt	16
Hönnun og smíði	17
Myndmennt.....	18
Íþróttir	19

Stærðfræði

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur geti:

- spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu
- notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að hann skilur innbyrðis tengsl þeirra - túlkað og notað einföld stærðfræðiták
- sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.
- valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, talnalínu, vasareikna og fleira
- tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum
- lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman - notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi
- skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu
- reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu
- rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum og orðum
- notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði
- rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn
- notað mælikvarða í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum
- áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum
- tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti
- safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum
- gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim

- lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum

Þeir þættir sem unnið verður með í vetur eru reikniaðgerðirnar fjórar, jákvæðar og neikvæðar tölur, tugakerfið og sætisgildi talna, tölfræði, tugabrot, rúmfræði, mælingar, almenn brot. Einnig verður mikil áhersla á að nýta alls kyns spil sem tengjast stærðfræði og að þjálfar nemendur í þrautalausnum. Viðfangsefni verða tengd daglegu lífi eins og kostur gefst. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar, svo sem sýnikennsla, skrifleg og munnleg verkefni, verklegar æfingar, þrautalausnir, spil og leikir.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Upprifjun	Stika 1a nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.
September	Heilar tölur Reikniaðgerðir	Stika 1a nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.
Október	Tölfræði Reikniaðgerðir	Stika 1a nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.
Nóvember	Tugabrot Reikniaðgerðir	Stika 1a nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.
Desember	Rúmfræði Reikniaðgerðir	Stika 1a nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.
Janúar	Mælingar Reikniaðgerðir	Stika 1b nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.
Febrúar	Almenn brot Reikniaðgerðir	Stika 1b nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.
Mars	Margföldun og deiling	Stika 1b nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.
Apríl	Mynstur Reikniaðgerðir	Stika 1b nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.
Mái	Upprifjun	Stika 1b nemendab. og æfingahefti og aukab.	Kaflakönnun, heimavinna og virkni.

Námsmat

Kaflakannanir, próf, verkefni, heimavinna og virkni.

Íslenska

Hæfniviðmið/námslýsing

Helstu viðfangsefni vetrarins eru að vinna með íslenskt mál á fjölbreyttan hátt og vinna að því að auka orðaforða nemenda og málfræðipækkingu. Áhersla á ritun og að þjálfar nemendur í að skrifa texta frá eigin brjósti.

Mikil áhersla verður á lestur.

Sigríður Elva

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Lestur: Yndislestur Ritun Frjáls ritun-sögugerð Málfræði: upprifjun á: stafrófinu, samheiti, andheiti, samsett orð Orð af orði Orð dagsins	Lestrarbækur Frjálslestrarbækur Orðspor Kafli 1. Málrækt 1 og 2	Veggspjöld tengd orð af orði.
September	Lestur : Yndislestur Ritun Frjáls ritun-sögugerð Málfræði: upprifjun á no, so, lo Orð af orði Orð dagsins No, so, lo,	Lestrarbækur Frjálslestrarbækur Mókoka Orðspor Kafli 1.	Veggspjöld tengd orð af orði. Ritunarverkefni Ég sjálf/ur
Október	Lestur: Yndislestur Ritun Endussagnir Málfræði Aðalatriði og aukaatriði. Lesskilningur Lykilorð og endursögn Nútíð og þátíð KK, kvk, hv. Orð af orði	Lestrarbækur Frjálslestrarbækur Mókoka Orðspor Kafli 2	Ritunarverkefni- Bókin mín. Hugtakakort Persónulýsingar

	Orð dagsins Barnabækur		
Nóvember	<u>Lestur:</u> Yndislestur Fræðitextar <u>Ritun</u> <u>Málfræði</u> Fallbeyging Stigbreyting Orðflokkar <u>Orð af orði</u> Orð dagsins	Lestrarbækur Frjálslestrarbækur Orðspor Kafli 3.	Hugtakakort- hópavinna
Desember	<u>Lestur:</u> Yndislestur Fræðitextar <u>Ritun</u> <u>Málfræði</u> <u>Orð af orði</u> Fræðitextar Orð dagsins	Lestrarbækur Frjálslestrarbækur Orðspor Kafli 3.	Hugtakakort- hópavinna

Námsmat

Málfræðiverkefni, ritunarverkefni, hópverkefni, lokapróf og virkni.

Hæfniviðmið/námslýsing

Að nemendur þjálfir lestur, auki við sig orðaforða, kynnist og þekki hin ýmsu hugtök í ljóðum og bókmenntum. Nemendur geti skrifað réttan texta og læri að beita stafsetningarreglum.

Svava Birna

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst - september	Nemendur vinna með ljóðið Haust e. Kristján Jónsson. Unnið með orðaforða. Stafsetningarregluna stór og lítill stafur.	Skólaljóð Mál til komið, kafli 1-4 Frjálslestrarbók	Flutningur á ljóðinu Haust, stafsetningaverkefni

September - október	Þjálfar lestur í gegnum gagnvirkan lestur, fimmuna og tímalestur. Unnið með orðaforða. Þjálfar stafsetningu eftir fyrirmynd, eyðufyllingaverkefni og upplestur.	Mókoka Hljóðskraf Mál til komið	Stafsetninga upplestur. Hraðlestrarpróf
Október - nóvember	Unnið með ljóð eftir Jónas Hallgrímsson og fræðast um höfundinn. Fáir kynningu á hugtökunum, rím, ljóðstafir og taktur. Ýmis orðaforðaverkefni unnin í tengslum við ljóð og texta. Þjálfar lestur í gegnum gagnvirkan lestur, fimmuna og tímalestur. Þjálfar stafsetningu eftir fyrirmynd, eyðufyllingaverkefni og upplestur. Unnið með tvöfaldan samhljóða	Skólaljóð, vefur um Jónas Hallgrímsson, Mókoka, Hljóðskraf og Mál til komið.	Flutningur á ljóði eftir Jónas Hallgrímsson – hópa- eða paravinna.
Desember - Janúar	Unnið með draugasögur og læri ýmis bókmenntahugtök s.s. aðalpersóna, aukapersóna, tími o.s.frv. Unnið með orðaforða. Þjálfar stafsetningu eftir fyrirmynd, eyðufyllingaverkefni og upplestur. Unnið með ng og nk	Trunt, trunt og tröllin, Gegnum holt og hæðir. Mál til komið	Hraðlestrarpróf og lokapróf

Námsmat

Hraðlestrarpróf, ljóðaverkefni, stafsetningaupplestur, lokapróf og virkni.

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemandi:

- skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara
- skilji félaga sína í samskiptum í kennslustundum
- skilji einfaldar spurningar um kunnuglegt efni
- geti fylgt þræði í einföldu hlustunarefni, s.s. söngvum, sögum og ævintýru
- geti hlustað eftir ákveðnum upplýsingum
- geti lesið stuttan einfaldan texta með eða án mynda
- geti svarað einföldum persónulegum spurningum og beðið um samsvarandi upplýsingar
- geti tekið þátt í hlutverkjaleikjum
- geti stafað fullt nafn og heimilisfang
- geti skrifað texta um kunnuglegt efni eftir fyrirmynd
- geti skrifað rétt helstu orð sem koma fyrir
- geti búið til setningar við mynd

Innlagnir kennara ásamt hlustunaræfingum og samtalsæfingum eru stór hluti af kennslunni. Kennslan fer að hluta til fram á ensku svo að nemendur venjist því að nota tungumálið á sem eðlilegastan hátt og með viðeigandi málfari.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Upprifjun	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf
September 3 X 40 mín.	Kafli 1 Interviews	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf
Október 3X 40 mín.	Kafli 1 Interviews	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf
Nóvember 3 X 40 mín.	Kafli 2 Observations	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf
Desember 3 X 40 mín.	Kafli 2 Observations	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf
Janúar 3 X 40 mín.	Kafli 3 Descriptions	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf
Febrúar 3 X 40 mín.	Kafli 3 Descriptions	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf

Mars 3 X 40 mín.	Kafli 4 Routines and habits	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf
Apríl 3 X 40 mín.	Kafli 5 Likes and Dislikes	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf
Mái 3 X 40 mín.	Kafli 6 Put it in Print	Build up 1 Verkefni frá kennara	Símat, kaflapróf og munleg próf

Námsmat

Virgni, kaflakannanir, munnleg próf og verkefni.

Samfélagsfræði

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemandi:

- geri sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi
- geri sér grein fyrir uppruna kristni í Rómaveldi
- verði fær um að greina hvað er líkt og hvað ólíkt í heimabyggðinni og öðru byggðarlagi, s.s. með tilliti til landbúnaðar, veðurfars, bygginga og samgangna
- kynni sér auðlindir og atvinnulíf í heimabyggð sinni og landshluta og sé fær um að bera það saman við landið í heild
- ígrundi hvort eitthvað í umhverfi hans þurfi sérstakrar verndunar við
- kynnist íslenskum náttúruminum og náttúruvættum
- fjalli um ferðamannastaði á Íslandi, s.s. eftir hverju ferðalangar eru að sækjast þegar þeir fara um landið
- þekki hvernig landslag í nágrenninu hefur áhrif á lofthita og vindafar
- þekki hvernig byggð dreifist um landið og helstu ástæður þess
- kunni skil á þeim atvinnugreinum sem mynda undirstöðu íslensks atvinnulífs
- afli sér upplýsinga um íslenskar náttúruauðlindir og hvernig þær eru nýttar
- þjálfist í að lýsa helstu landfræðilegu einkennum hvers landshluta, s.s. landslagi, gróðurfari og veðurfari
- efli trúarlegan, siðferðislegan og félagslegan þroska með því að fræðast um kristna trú
- temji sér samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleika, sáttfýsi, umburðarlyndi og umhyggju fyrir öðrum mönnum
- þekki boðorðin 10 og öðlist skilning á boðskap þeirra
- þekki merkingu aðventutímans í kristnu helgihaldi
- kynnist helstu trúarbrögðum heimsins og mismunandi siðum sem tengjast þeim.

Unnið verður með efnið á fjölbreyttan hátt s.s. samlestur, umræður, einstaklingsvinna og hópvinna.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Kort og kortalestur	Ísland veröld til að njóta	Símat, verkefnabók og hópavinna
September 4 X 40 mín.	Jörðin, jarðskjálftar og jarðsaga Íslands	Ísland veröld til að njóta	Símat, verkefnabók og hópavinna
Október 4 X 40 mín.	Rof, breytingar á umhverfi, náttúruvernd og auðlindir	Ísland veröld til að njóta	Símat, verkefnabók og hópavinna
Nóvember 4 X 40 mín.	Landshlutar	Ísland veröld til að njóta	Símat, verkefnabók og hópavinna
Desember 4 X 40 mín.	Landshlutar	Ísland veröld til að njóta	Símat, verkefnabók og hópavinna
Janúar 4 X 40 mín.	Í Rómaveldi	Frá Róm til Þingvalla	Símat og hópavinna
Febrúar 4 X 40 mín.	Frá Rómverjum til riddara	Frá Róm til Þingvalla	Símat og hópavinna
Mars 4 X 40 mín.	Víkingar og landnámsmenn	Frá Róm til Þingvalla	Símat og hópavinna
Apríl 4 X 40 mín.	Íslendingar í heiðni og kristni	Frá Róm til Þingvalla	Símat og hópavinna
Mái 4 X 40 mín.	Íslendingar í heiðni og kristni	Frá Róm til Þingvalla	Símat og hópavinna

Námsmat

Virkni í tímum og verkefnavinna.

Náttúrufræði

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur:

- temji sér gott skipulag, öguð og vönduð vinnubrögð.
- geti unnið verkefni upp á eigin spýtur.

- geti unnið með öðrum.
- verði færir um að afla heimilda og geti miðlað þeim til annarra.
- sýni frumkvæði og seiglu.
- tileinki sér gagnrýna hugsun.
- tileinki sér vísindaleg vinnbrögð og aðferðir.
- læri að umgangast tæki og tól sem nýtt eru til einfaldra tilrauna.
- geti gert einfaldar tilraunir og túlkað niðurstöður
- tileinki sér hugtakið sjálfbærni og temji sér hugsun og vinnubrögð með sjálfbærni að leiðarljósi
- geti skilgreint hugtakið vistkerfi og átti sig á að hægt er að líta á hafið sem eitt stórt vistkerfi en einnig er hægt að afmarka ákveðin svæði og skilgreina þau sem minni vistkerfi.
- átti sig á hvernig breytingar á einum þætti (ólífrænum sem lífrænum) í vistkerfi hafa áhrif á aðra þætti.
- átti sig á hvernig maðurinn getur haft áhrif á lífríki hafsins.
- kynnist mismunandi fjörugerðum og lífríki þeirra.
- geri sér grein fyrir fjölbreytni lífvera hafsins, helstu einkennum, lífsháttum og atferli.
- átti sig á skynsamlegri nýtingu hafsins.
- átti sig á að mengun hafsins er alþjóðlegt vandamál.

Við lestur námsefnis verða notaðar aðferðir eins og samlestur, gagnvirkur lestur og heimalestur.

Orð-af-orði kennsluhugmyndir/-aðferðir (KVL, hugtakagreininng, hugtakakort, Vennkort o.fl.) verða notaðar til að efla hugtakaskilning og orðaforða í greininni. Í verkefniavinnu nota nemendur ýmsar leiðir til lausna, s.s. leitarnám, þemavinnu, vattvangsathugthuganir, eintklingsvinnu sem og para- og hópvinnu. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók auk veggspjalda, bæklinga, ritgerða, glærusýninga og leikþátta allt eftir því hvað best hentar hverju viðfangsefni. Umræður miða að því að efla skoðanaskipti nemenda og tjáningu.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðaforða og hugtök.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, para- og hópavinnu. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og tekið tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.
- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur fá tækifæri til að takast á við ágreiningsefni og álitamál og beri sameiginlega ábyrgð á verkefnum sem unnin eru í samvinnu.
- *Heilbrigði og velferð* tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda. Í náttúrufræðikennslu verða nemendur þjálfaðir í tjáningu og unnið að því að styrkja sjálfstraust þeirra.

- *Sköpun* tengist verkefnavinnu af ýmsum toga. Nemendur vinna verkefni þar sem sköpunarhæfileikar þeirra fá að njóta sín.

Námsefni

- *Lífrikið í sjó*
- *Myndbönd sem tengjast hafinu og lífríki þess.*
- *Auðvitað* – valdir kaflar
- Annað efni frá kennara.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 5. kest.	Helstu einkenni hafsins. Ströndin.	<i>Lífrikið í sjó.</i> 1. kafli. 2. kafli – bls. 9-12	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikning, Orð af orði – hugtaka-kort, hugtakagreining.
September 12 kest.	Ströndin – fjörugerðir. Sjávarföll. Fjöruvistkerfi, fjöru- gróður, beltaskipting fjörulífvera.	2. kafli – bls. 13-18	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikningar, Orða af orði – hugtaka- kort, vettvangsferð, sýnaskoðun, veggspjalda- vinna.
Október 13 kest.	Hyggdýr í fjörum og við strendur landsins. Mengun hafs og fjöruvistkerfa.	2. kafli – bls. 19-39	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikningar, Orð af orði – hugtaka- kort, hugtakgreining, stutt ritgerð.
Nóvember 12 kest.	Hafstraumar, og aðrir ólífrænir þættir sjávar, lífríki sjávar – fæðukeðjur og –vefir og hryggleysingar í sjó.	3. kafli – bls. 40-48	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikningar, Orð af orði – hugtaka- kort, vettvangsferð, veggspjaldavinna.
Desember 6 kest.	Hryggdýr sjávar.	3. kafli – bls. 49-59	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikningar, Orð af orði – hugtaka- kort, val sjávarhryggdýrs til að fjalla um – frjáls framsetning.
Janúar 4 kest.	3. kafli – veiðar og nytjafiskar við Ísland.	3. kafli – bls. 60-61	Lestur, vinnubókar- verkefni – teikningar, Orð af orði – hugtaka- kort, vettvangsferð,

			veggspjald/bæklingur og kynning fyrir bekkinn.
		Myndbönd sem styðja efnið notuð með þegar henta þykir.	

Námsmat

Símat, leiðsagnarmat, jafningjamat og sjálfsmat. **Matsþættir:** Vinnubók, önnur verkefni, frágangur og vandvirkni, vinnusemi, þrautseigja, sjálfstæði í vinnubrögðum, samstarfsvilji og þátttaka í umræðum.

Lífsleikni

Hæfniviðmið/námslýsing

- þjálfist í samvinnu og geti fylgt reglum, í leik eða starfi.
- öðlist færni í rökrænni hugsun og geti tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar
- geri sér grein fyrir jákvæðum og neikvæðum tilfinningum og hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti
- geti vegið og metið kosti og galla mismunandi möguleika, hugmynda og svara
- geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum
- læri leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér að
 - sýna sanngirni, tillitsemi og kurteisi, leysa ágreining á farsælan hátt og geti sett sig í spor annarra
 - bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst - september	hópeflisleikir bekkjarsáttmáli bekkjarfundir	Efni frá kennara Umræður	Virkni
September - október	heilbrigður lífstíll bekkjarfundir	Efni frá kennara Umræður	Virkni og verkefni
Október - nóvember	að bera ábyrgð á eigin hegðun / ákvörðunum geðrækt bekkjarfundir	Efni frá kennara Umræður	Virkni, umræður og verkefni.
Desember - Janúar	einelti jafnrétti allskonar fjölskyldugerðir	Efni frá kennara Umræður	Virkni, umræður og verkefni.

	bekkjarfundir		
--	---------------	--	--

Námsmat

Virkni nemenda í umræðum, leikjum og verkefnum metinn til einkunna.

Tölvu- og upplýsingamennt

Hæfniviðmið/námslýsing

Að nemendur

- læri á Mentor og helstu kosti þess
- fái þjálfun í fingrasetningu á tölvu
- læri á Google Drive
- geti sótt efni af neti
- noti tölvu til að semja eigið efni.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst - september	Nemendur búa sér til lykilorð og læra á Mentor. Nemendur læra á Google Drive. Umræður um netöryggi og hvernig við eigum að umgangast hvort annað á netinu.		Virkni
September - október	Nemendur æfa sig í fingrasetningu með því að spila ýmsa leiki sem hjálpar þeim að læra rétta fingrasetningu. Nemendur læra á word með því að gera heimildarverkefni að eigin vali. Nemendur vinna inná Google Drive.	Efni af bókasafninu. Ýmsir vefir um fingrafimi inná nams.is	Heimildarverkefni og virkni
Október - nóvember	Nemendur æfa sig í fingrasetningu. Nemendur gera verkefni um sjálfan sig inná power point.	Nams.is	Verkefni um sjálfan sig, kynning og virkni.

	Nemendur vinna inná Google Drive.		
Desember - janúar	Nemendur æfa sig í fingrasetningu og gera jólaverkefni í power point eða word. Nemendur æfa sig í að ná í efni af netinu. Verkefnið er unnið inná Google Drive.	Nams.is og efni af netinu og/eða af bókasafni	Jólaverkefni og virkni.

Námsmat

Nemendur vinna ýmskomar verkefni sem metin eru til einkunna og byggist námsmatið á virkni nemenda, uppsetningu verkefna og hvort nemendur nái tökum á ýmskonar ritvinnslu.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið/Námslýsing

Tveir samliggjandi tímar, aðra hverja viku, 60 mín í senn. Unnið er með bókina Gott og gagnlegt 1 ásamt efni frá kennara. Kennslan er bæði verkleg og bókleg.

- þjálfist í að leggja fallega á borð og tileinka sér góða borðsiði
- kunni að meta hreint og vistlegt umhverfi
- tileinki sér hreinlæti við heimilisstörf
- kynnist þvottamerkingum á fatnaði
- þjálfist í að vinna eftir skriflegum uppskriftum og noti hráefni úr öllum fæðuflokkum
- temji sér sparnað og ábyrgð gagnvart verðmætum (orkunotkun, pappír o.fl.)
- læri að flokka sorp og hvað af því er endurnýtanlegt/-vinnanlegt
- geri sér grein fyrir því að góðar neysluvenjur eru mikilvægar heilsunnar vegna
- viti um mikilvægi vatns fyrir líkamann

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Brauðmeti.		símat
September	Grænmetisfat og bókl. Perusalat og bókl.	Bls. 36, 3-4 Bls. 36, 7-12	símat
Október	Gulrótarbollur og bókl. Grænmetissúpa.	Bls. 37	símat
	Ís og bókl.	Efni frá kennara.	símat

Nóvember	Eplakaka.	Bls. 35	
Desember	Jólaundirbúningur	Efni frá kennara.	símat

Námsmat

Símat í formi virkni, hegðunar og frágangs. Lykilhæfnisviðmið er haft til hliðsjónar.

Textílmennt

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað aðferðir greinarinnar og geti beitt viðeigandi áhöldum
- unnið úr nokkrum gerðum textílefna og þjálfast í að sauma í saumavél
- fitjað upp og prjónað sléttar og brugðnar lykkjur
- lært að skipta um lit á garni í prjóni
- lært einfaldar aðferðir við úrtöku og útaukningu í prjóni
- lært að fella af í prjóni
- saumað saman og gengið frá endum í prjónlesi
- lært að sauma krosssaum
- unnið eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
- þekkt ýmis hugtök sem tengjast prjóni
- kynnst saumavélinni og borið virðingu fyrir henni
- þekkt ýmis hugtök sem tengjast saumavélinni
- þekkt undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikksakk á saumavél
- verði sjálfbjarga í notkun saumavélarinnar
- gert sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni
- upplifað sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda
- notað handbækur greinarinnar

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur prjóna verkefni eftir vali. Nemendur vinna ýmis þjálfunarverkefni tengd saumavélinni, bæði skrifleg og verkleg. Nemendur rifja upp og bæta við þá þekkingu sem fyrir er.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Búa til forsíðu á möppu. Velja garn til að prjóna úr.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
September 4 X 40 mín.	Nemendur fitja upp í prjóni og byrja að prjóna.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Október 4 X 40 mín.	Nemendur þrjóna.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Nóvember 4 X 40 mín.	Nemendur þrjóna. Sauma krosssaum.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Desember 2 X 40 mín.	Nemendur þrjóna. Sauma krosssaum.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Janúar 2 X 40 mín.	Nemendur þrjóna. Sauma krosssaum.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemendur geti:

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum
- beitt nokkrum gerðum af handverkfærum
- gert sér grein fyrir hvenær frágangur er vandaður
- þekkt smíðaefni sem unnið er með
- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skyssu
- fjallað um þrívíð form
- þjálfast í að meta eigin verk
- gert sér grein fyrir vinnuferli, þ.e. hvernig lítil hugmynd verður að fullunnu verki
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur smíða einfalda hluti úr tré. Saga, pússa, líma eða negla. Mála og eða lakka. Hafa möppur til að halda utan um verkefni og teikningar.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Nemendur hanna útlit tímaritaboxi.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
September 4 X 40 mín.	Smíða tímaritaboxið.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Október 4 X 40 mín.	Smíða tímaritaboxið.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Nóvember 4 X 40 mín.	Smíða opinn hring úr kopar.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Desember 2 X 40 mín.	Nemendur gera eitthvað jólatengt.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Janúar 2 X 40 mín.	Nemendur byrja að hanna viftu sem gengur fyrir rafhlöðum.	Leiðbeiningar frá kennara.	Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.
Febrúar	Smíða viftuna.		Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Myndmennt

Hæfniviðmið/námslýsing

Stefnt er að því að nemandi:

- efli skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð
- náí færni í vinnu með ólík efni
- útfæri mynstur og fléttur
- þekki hugtakið sjónarhorn og geri kannanir og verkefni út frá því
- vinni með stærðir og hlutföll
- noti módel og snið sem hluta af vinnuferli
- kunni skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli
- æfi skrautskrift
- geti lagt rökstutt mat á hönnun í umhverfi sínu
- viti að sólarljós og veðurfar hefur áhrif á liti umhverfisins
- geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- geti lýst munnlega skoðun sinni á mynd
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni
- blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, svokallaða blandaða tækni
- þekki mun á handverki og fjöldaframleiðslu

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst 2 X 40 mín.	Sumarmynd	Hvítt karton og trélitir	Símat
September 2 X 40 mín.	Pennamyndir	Hvítt karton og svartir teiknipennar	Símat
Október 2 X 40 mín.	Gömlu húsin á Vopnafirði	Vatnslitir og vatnslitapappír límdu á spjald	Símat
Nóvember 2 X 40 mín.	Þríviddarmynd	Hvítt karton, trélitir og reglustika	Símat
Desember 2 X 40 mín.	Jólamynd	Hvítt karton og tússlitir	Símat
Janúar 2 X 40 mín.	Fríhendisteikning	Myndmenntamappa og trélitir, dragoart.	Símat
Febrúar 2 X 40 mín.	Vatnslitamynd	Vatnslitir og vatnslitapappír límdu á spjald	Símat
Mars 2 X 40 mín.	Klippimynd	Svart og litað karton	Símat
Apríl 2 X 40 mín.	Húsamynd, blöndun lita og fjarlægðir	Hvítt karton og þekjultir	Símat
Mái 2 X 40 mín.	Skrautskrift	Skriftarrenningar og skrautskriftarpennar	Símat

Námsmat

Vinna nemenda verður metin einstaklingslega eftir áhuga, hegðun og virkni.

Íþróttir

Hæfniviðmið/námslýsing

Námið fer að miklum hluta fram í leikjaformi en einnig með einföldum boltaæfingum, stöðvabjálfun, hlaupu, keppnum og þrekhringjum. Fleiri kennslustundir verða lagðar undir einstaka íþróttagreinar og grunnurinn lagður fyrir körfubolta, fótbolta, handbolta, badminton og blak. Ásamt því verða frjálsar íþróttir kynntar fyrir nemendum. Lögð er áhersla á að þjálfar þol og styrk nemenda, jafnvægi, lipurð og samhæfingu. Auk þess læra nemendur rétt viðhorf í hópíþróttum.

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat/verkefnaskil
Ágúst	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
September	Körfubolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Október	Leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Nóvember	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Desember	Blak, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Janúar	Leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Febrúar	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Mars	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Apríl	Körfubolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.
Maí	Körfubolti, fótbolti, leikfimi, leikir og stöðvaþjálfun	Ýmislegt	Símat: Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun.

Námsmat

Virkni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir önnina. Nemandi fær einkunn sem er reiknuð út úr matsþáttunum.